

Fimmtudaginn 15. júlí 1948.

Nr. 3/1948.

**Alþýðusamband Íslands f. h.  
Verkamannafélags Glæsibæjarhrepps**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

**Síldarbræðslustöðinni Dagverðareyri h/f**

(Magnús Thorlacius hrl.).

Ágreiningur út af kjarasamningi.

**Dómur.**

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélags Glæsibæjarhrepps gegn Síldarbræðslustöðinni Dagverðareyri h. f. með stefnu, útgefinni 14. maí þ. á.

Málsatvik eru þessi:

l 17. gr. kjarasamnings milli málsaðilja, dags. 28. júlí 1947, segir svo:

„Þeim verkamönnum, sem dvelja þurfa á vinnustað allan ráðningartímann, leggur verksmiðjan ókeypiss húsnæði, ljós og hita, en verkamenn skulu sjálfir sjá um ræstingu herbergja sína. Þó skal verksmiðjan sjá um þvott á gólfum einu sinni í viku. *Verksmiðjan sér verkamönnum þessum fyrir ókeypiss matreiðslu og ókeypiss flutningi á matvælum.*

Ef einn úr hópi verkamanna er matarstjóri skal honum heimilt að gegna þeim störfum í vinnutíma eftir því sem þörf krefur. Verkamenn hafa rétt til að kjósa úr sínum hópi 2 meun til að endurskoða reikninga matarfélagsins.“

Stefnandi skýrir svo frá, að árið 1945 hafi verið tekið upp í kjarasamning málsaðilja ákvæði um það, að verksmiðjan skyldi sjá verkamönnum fyrir ókeypiss matreiðslu og hafi fyrirvarsmenn verkamannafélagsins gengið út frá því sem sjálfsögðu, að verkamenn við síldarverksmiðju stefnda bæru ekki kostnað af fæði stúlkna þeirra, sem matreiddu. Um mánadámótin júní—júlí 1947 hafi þeim hins vegar fyrst orðið kunnugt um það, að fyrirvarsmáður verksmiðjunnar, sem frá upphafi hafði séð um allt reikningshald vegna svokallaðs matarfélags verkamanna, hafi látið verkamennina bera kostnað af fæði stúlkanna. Af þessu efni hafi verkalýðsfélagið fengið

inn í samningana 1947 framangreinda 2. mgr. 17. gr., en þetta muni hafa verið látið liggja þar til haustið 1947, er stefndi enn hélt uppteknum hætti um þetta, er gerðir voru upp reikningar matarfélagsins.

Stefnandi telur, að samkvæmt framangreindu samningsákvæði sé það alveg tvímælaust, að verkamenn eigi ekki að bera neinn kostnað af fæði matreiðslustúlkanna, og hafi verkalýðsfélagið ekki á neinn hátt fallið frá þeim samningslega rétti sínum. Stefndi hafi samt ekki viljað fallast á þá skoðun, og sé því mál þetta höfðað. Eru dómkröfur hans samkvæmt þessu þær, að viðurkennt verði, að áðurgreint ákvæði í samningi málsaðilja sé rétt skilið og framkvæmt þannig, að stefnda beri að greiða fæðiskostnað þeirra stúlkna, er starfa að matreiðslu fyrir verkamenn verksmiðjunnar. Svo krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Sýknukröfu sína byggir hann á því, að frá því á árinu 1945 hafi verið samskonar ákvæði um matreiðsluna í samningum málsaðilja og nú sé í 17. gr. kjarasamningsins frá 28. júlí 1947. Þetta ákvæði hafi frá upphafi verið framkvæmt svo, að verkamenn báru kostnað af fæði matreiðslustúlkanna og aldrei verið hreyft neinum andmælum gegn því af hálfu stefnanda. Verkamönnum hljóti að hafa verið fullkunnugt um þessa tilhögun. Þeir hafi og ávallt átt þess kost, að fylgjast með reikningshaldi matarfélagsins. Verkamenn hafi heldur ekki hreyft andmælum gegn þessu, þegar gert var upp við þá haustið 1947, og kvittað þá fyrirvaralaust fyrir greiðslu inneignar sinnar. Loks hafi forráðamenn verkalýðsfélagsins undirritað samninginn 28. júlí 1947, án þess að hreyfa þá andmælum gegn framkvæmd stefnda á umdeildu ákvæði, þó að þeim væri þá samkvæmt eigin sögn þeirra kunnugt um framkvæmdina.

Ákvæði 17. gr. nefnds kjarasamnings, að verksmiðjan sjái verkamönnum fyrir ókeypis matreiðslu, verður ekki skilið öðruvísi en svo, að verkamenn skuli ekki bera kostnað af fæði matreiðslustúlkanna. Stefndi hefur ekki gegn mótmælum stefnanda fært sönnur að því, að fyrirvarsmönnum verka-

Lýðsfélagsins hafi verið það kunnugt fyrr en í júlí 1947, að verkamenn voru látnir greiða fæði stúlkanna og verður því ekki talið, að stefnandi hafi fyrir sakir venju misst af rétti þeim, sem hann átti samkvæmt samningnum. Og þó stefnandi léti það dragast til hausts 1947, eða þar til uppgjör við verkamennina fór fram, að bera fram við stefnda athugasemdir vegna framkvæmdar hans á umdeildu ákvæði, verður samt ekki talið, að stefnandi hafi með því fyrirgert rétti sínum til þess að fá framkvæmd jafn skýlauss samningsákvæðis færða í rétt horf.

Samkvæmt framansögðu ber að taka til greina dómkröfu stefnanda.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 300.00 í málskostnað.

#### Dómsorð:

Stefnda, Síldarbræðslustöðinni Dagverðareyri h/f, er skylt að greiða fæðiskostnað matreiðslustúlkna samkvæmt 17. gr. framangreinds samnings, dags. 28. júlí 1947.

Stefndi greiði stefnanda, Alpýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélags Glæsibæjarhrepps, kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---